

## Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Sendandi: Viðskiptaráðuneyti  
Dagsetning: 6. apríl 1998  
Málsnúmer: 98020010  
Bréfalykill: 51.020

Efni: Tillögur að breytingum á frumvarpi til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og frumvarpi til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.

Með hliðsjón af umræðum í efnahags- og viðskiptanefnd um ofangreind frumvörp leggur viðskiptaráðuneytið til eftirfarandi breytingar á frumvörpunum. Þá fylgja hugmyndir að orðalagi í nefndarátliti vegna þessara breytinga og áhersluatriða sem koma þurfa fram í nefndarátliti.

### Frumvarp til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um 2. gr.

Í stað orðsins "fjárfestingarfélag" í 10. tölul. 1. mgr. komi: Aðilar, aðrir en greinir í 1. tölul. sem heimild hafa lögum samkvæmt til þess að taka við innlánnum.

Um 3. gr.

3. másl. hljóði svo: Stofnunin heyrir undir viðskiptaráðherra.

Um 5. gr.

2. mgr. hljóði svo: Forstjóri ræður starfsmenn til stofnunarinnar.

Um 7. gr.

Heiti 7. gr. verði: Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila. Texti greinarinnar verði svohljóðandi:

Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við stofnunina.

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins skulu eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Hefur samráðsnefndin ekki ákvörðunarvald í málefnum Fjármálaeftirlitsins.

Nánar skal kveðið á um samráðsnefndina í reglugerð, meðal annars um skipan hennar.

Um 16. gr.

Í stað lokamálsliðar 2. mgr. komi tveir nýjir málsliðir, svohljóðandi: Leita skal álit samráðsnefndar á áætluðu rekstrarumfangfangi næsta árs. Stjórn stofnunarinnar skal senda viðskiptaráðherra áætlunina til samþykktar og skal álit samráðsnefndar fylgja áætluninni.

Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi: Vegna eftirlits með annarri starfsemi en upp er talin í 1. – 7. tl. 3. mgr. greiðist samkvæmt reikningi.

2. másl. 7. mgr. hljóði svo: Þar er heimilt að kveða á um að sértækt eftirlit eða viðamiklar kannanir sem stofnunin framkvæmir umfram reglubundið eftirlit verði greiddar samkvæmt reikningi.

*Athugasemdir við framangreindar breytingartillögur.*

Um 2. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að hin nýja stofnun hafi eftirlit með allri innlánsstarfsemi sem heimiluð er samkvæmt lögum. Nefndin telur að öll rök mæli með slíku eftirliti. Því er lagt til að í 2. gr. verði kveðið á um að eftirlit samkvæmt lögum taki til aðila sem heimild hafa lögum samkvæmt til þess að taka við innlánnum. Er hér fyrst og fremst átt við innlánsdeildir samvinnufélaga og pósthótel. Lagt er til að kveðið verði á um þetta í 10. tölulið 1. mgr. 2. gr. í stað fjárfestingarfélaga. Fjárfestingarfélög skv. lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri eru ekki starfandi og því óþarft að tilgreina þau sérstaklega, enda myndu þau falla undir 2. mgr. greinarinnar ef til þeirra væri stofnað.

Um 3. gr.

Sérstök stjórn verður yfir Fjármálaeftirlitinu og ekki verður um beint kærusamband á milli ráðherra og Fjármálaeftirlitsins að ræða, sbr. ákvæði um kærunefnd. Ekki er því ástæða til þess að geta þess sérstaklega í frumvarpstexta að ráðherra hafi ekki afskipti af einstökum málum sem til umfjöllunar kunna að verða hjá Fjármálaeftirlitinu.

Um 5. gr.

Nefndin telur eðlilegt að allir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins verði í sama stéttarfélaginu. Jafnframt telur hún að yfirstjórn stofnunarinnar skuli gæta þess að hafa virkt samráð við starfsmenn um það í hvaða stéttarfélagi þeir verði. Nefndin telur hins vegar ekki nauðsynlegt að taka sérstaklega fram að heimilt sé að ákveða að starfsmenn njóti kjara samkvæmt samningum bankamanna.

Um 7. gr.

Til þess að leggja áherslu á sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins enn frekar leggur nefndin til að heiti nefndar eftirlitsskyldra aðila verði samráðsnefnd en ekki ráðgjafanefnd. Er ekki gert ráð fyrir að nefndin skuli veita Fjármálaeftirlitinu ráðgjöf í starfi stofnunarinnar heldur skal nefndin vera vettvangur þar sem hinir eftirlitsskyldu aðilar geta komið á framfæri ábendingum sínum um þau mál sem lúta að samskiptum þeirra og eftirlitsaðilans.

Um 16. gr.

Breytingartillögur nefndarinnar lúta að því að skilgreina betur aðkomu samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila að rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins, að taka af allan vafa um það að allir sem lúta eftirliti, hvort sem þeir eru taldir upp í 2. gr. eða ekki, skuli greiða fyrir eftirlitið og að skýra betur, að aðeins skuli greiða sérstaklega fyrir óreglubundnar og sértækar kannanir eða eftirlit með þeim eftirlitsskyldu aðilum, sem jafnframt greiða eftirlitsgjald samkvæmt öðrum ákvæðum greinarinnar.

Um tengsl Seðlabankans og Fjármálaeftirlits.

Ákvæðum frumvarpsins um samskipti Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans er ætlað að tryggja að ekki komi til tvíverknaðar við eftirlit og upplýsingaöflun, t.d. með stofnun sérstakrar eftirlitsdeildar í Seðlabankanum. Nefndin telur það vera skyldu beggja stofnana að

búa svo um hnútana að þetta verði tryggt. Rétt er að leggja áherslu á þetta þannig að skýr vilji löggjafans liggi fyrir í þessu efni.

**Frumvarp til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit.**

Um 1. gr.

1. gr falli niður.

Verði frumvarp um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi að lögum tekur Fjármálaeftirlitið til starfa þann 1. janúar 1999. Þau lög sem 1. gr. tekur til verða úr gildi fallin um næstu áramót og því ekki ástæða til þess að tiltaka þau í frumvarpi þessu.